

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1998

15. maí 1998

937

Nr. 289

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi vegtenginga vegna framkvæmda við færslu Vesturlandsvegar um Mosfellsbæ.

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið staðfest af umhverfisráðherra að undangenginni umsögn Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 15. maí 1998.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

20. maí 1998

Nr. 290

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti
Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Þátttaka í happdrættinu felst í því að greiða 50 kr., 100 kr., 150 kr., 200 kr. eða 250 kr. fyrir hvern leik í happdrættisvél. Nota skal 50 kr. mynt og/eða peningaseðla.

2. gr.

Fyrirsögn reglugerðarinnar verði: Reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986 og lög nr. 77 19. maí 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.